

SIGURÐUR GÍSLI PÁLMASSON,
STJÓRNARMAÐUR Í URRIÐAHOLTI EHF.

„Dregur vafalítið úr rafmengun“

Umræða um svokallaða rafmengun vakti áhuga okkar og leiddi til þess að við tókum upp viðræður við Hitaveitu Suðurnesja um að efla jarðsamband í dreifikerfi rafmagns í Urriðaholti,“ segir Sigurður Gísli Pálmasson, sem á sæti í stjórn Urriðaholts ehf.

Sigurður Gísli segir að Brynjólfur Snorrason hjá Orkulausnum hafi verið óþreytandi að benda á að lélegt jarðsamband geti leitt til truflana á flæði rafmagns, eða það sem hann kallar rafmengun. „Að mati Brynjólfs getur þessi rafmengun orsakað ójafnvægi í umhverfinu og haft neikvæð áhrif á heilsufar manna og dýra. Sú lausn sem verður notuð í Urriðaholti mun vafalítið draga úr slíkri rafmengun,“ segir Sigurður Gísli.

Viðræður Urriðaholts ehf. við Hitaveitu Suðurnesja leiddu til þess að dreifikerfi rafmagns í Urriðaholti verður svokallað 5-víra kerfi, í stað hefðbundinna 4-víra. Fimm tí vírinn er til að efla jarðsamband og draga þannig úr svokölluðum harmonískum sveiflum, sem eru taldar undirrót rafmengunar.

„Það er lítið um vísindalegar sannanir í þessum efnum. En áralangar rannsóknir og úrbætur sem Brynjólfur hefur staðið að til að auka jarðsamband gefa sterklega til kynna að þetta geti gefið góða raun – og alls ekki spillt fyrir. Sjálfur er ég sannfærður um að þetta kerfi geti haft afgerandi áhrif á heilsu og líðan fólks,“ segir Sigurður Gísli enn fremur.

